

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 22. desember 2008

Atvinnulausum verði gert kleift að stunda háskólanám

Með hliðsjón af aðstæðum á vinnumarkaði þarf ekki að undrast að ásókn í háskólanám skuli hafa aukist til muna nú um áramót. Þrátt fyrir að rekstur hins opinbera standi höllum fæti og mikilvægt sé að sýna aðhald á öllum sviðum telur Viðskiptaráð ekki skynsamlegt að takmarka þann fjölda sem boðið verði að stunda háskólanám á næsta ári.

Fyrir því eru einkum tvær ástæður. Annars vegar er afar mikilvægt að verja og efla þann mannauð sem til staðar er til að langtímaáhrif efnahagslæggðarinnar verði sem minnst. Hins vegar er ekki fyrir séð að takmörkun á nemendafjölda við háskólanám leiði til sparnaðar í útgjöldum hins opinbera. Þeir aðilar sem hafa sótt um háskólanám eru flestir án atvinnu og hafa ákveðið að nýta tækifærið og afla sér frekari menntunar. Ef þessum aðilum verður ekki gert kleift að stunda nám er líklegt að stór hluti þeirra muni annað hvort hverfa af landi brott eða þiggja atvinnuleysisbætur. Ef borinn er saman kostnaður vegna atvinnuleysisbóta og háskólanáms er ljóst að ábati þess að einstaklingur þiggi atvinnuleysisbætur í stað þess að stunda háskólanám er lítill, ef einhver.

Með það í huga hvetur Viðskiptaráð stjórnvöld til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana þannig að öllum verði gert kleift að stunda háskólanám meðan aðstæður á vinnumarkaði eru jafn erfiðar og raun ber vitni.

Lífeyrissjóðir fá aukið svigrúm til rástöfunar fasteigna

Í 9. lið nýlegrar aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar í þágu fyrirtækja er lýst yfir vilja til að greiða fyrir langtímaeign lífeyrissjóða á fasteignum sem þeir hafa lánað fyrir. Þessi breyting er vissulega þörf, enda mega lífeyrissjóðir einungis halda slíkum eignum í 18 mánuði nema í undantekningartilfellum. Fjármálaeftirlitið hefur túlkað skilyrði þess að sjóðirnir dragi sölu eigna mjög þröngt og því hafa undantekningartilfellingin líklega verið færri en hagkvæmt væri. Það hefur leitt til þess að sjóðirnir hafi m.a. þurft að selja eignir á óheppilegum tíma, sem er engum til hagsbóta.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi í hagkerfinu liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir koma til með að leysa til sín fasteignir í auknum mæli. Með það í huga stendur til að gera breytingar á ofangreindum reglum á þann veg að skilyrðið verði rýmkað úr 18 mánuðum í 36 mánuði. Slíkt væri augljóslega til bóta, bæði fyrir markaðinn i heild og sjálfa lífeyrissjóðina.

Viðskiptaráð fagnar því að ríkisstjórnin skuli vinna í aðgerðaáætluninni sem kynnt var í síðasta mánuði. Brýnt er að ráðist verði sem fyrst í þær aðgerðir sem þar voru kynntar.

Fyrirtækjum heimilt að gera upp í erlendri mynt

Ný lög sem framlengja frest fyrirtækja til að sækja um heimild til uppgjors í erlendri mynt fyrir árið 2008 voru samþykkt fyrir helgi. Lögin gera fyrirtækjum jafnframt kleift að sækja um heimild til uppgjors í erlendri mynt fyrir næsta ár, en almennt rann sá umsóknarfrestur út fyrir tæpum tveimur mánuðum. Fyrirtæki þurfa eftir sem áður að uppfylla skilyrði 8. gr. ársreikningslaga og reglugerðar nr. 101/2007 til að hljóta þá heimild.

Viðskiptaráð fagnar frumvarpinu en ráðið hefur lengi talað fyrir því að svigrúm íslenskra fyrirtækja til að fá að gera upp í erlendri mynt verði rýmkað. Því miður er það svo að núverandi skilyrði ársreikningalaga hafa reynst fyrirtækjum fjötur um fót þar sem ársreikningaskrá hefur túlkað þau afar þröngt. Vegna þessa lagði Viðskiptaráð til í umsögn sinni við frumvarpið að skilyrðin yrðu rýmkuð töluvert. Að auki lagði Viðskiptaráð til að lögfestur yrði hámarksfrestur fyrir ársreikningaskrá til að afgreiða umsóknir af þessu tagi. Undir fyrri tillöguna tók efnahags- og skattanefnd í nefndaráliti sínu við frumvarpið og ítrekaði að ekki ætti að túlka umrædd skilyrði þrengra en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gefa tilefni til. Hvað það varðar er rétt að benda á nýlegt frumvarp fjármálaráðherra til breytingar á þessum skilyrðum, frumvarpið má nálgast [hér](#).

Viðskiptaráð minnr á skoðun sína „Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum – eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar“ frá því í mars á þessu ári, en þar er fjallað nánar um þetta mál. Skoðunina má nálgast [hér](#), og umsögn Viðskiptaráð um frumvarpið má nálgast [hér](#).

Frestun frumvarps um RÚV

Menntamálanefnd Alþingis ákvað nú fyrir helgi að fresta afgreiðslu frumvarps um RÚV, sem fól m.a. í sér takmarkanir á heimild stofnunarinnar til sölu auglýsinga. Nefndin taldi nauðsynlegt að tillögur um takmörkun RÚV á auglýsingamarkaði yrðu útfærðar nánar af þeim starfshópi sem starfað hefur á vegum menntamálaráðuneytisins. Að auki lagði nefndin til að hópurinn myndi samhliða þeirri vinnu leggja fram tillögur að reglum um eignarhald á fjölmiðlum.

Að mati Viðskiptaráðs var þessi ákvörðun menntamálanefndar afar misráðin. Það liggur fyrir, m.a. í áliti Samkeppniseftirlitsins, að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði hefur haft skaðleg áhrif á einkarekna fjölmiðla. Hvað það varðar skiptir litlu hvort reglur um eignarhald á fjölmiðlum hafi verið settar og er því um tvö óskyld mál að ræða. Viðskiptaráð hvetur Alþingi til að leiða í lög, strax eftir áramót, frumvarp

sem tekur alfarið fyrir heimildir RÚV til að afla sér tekna með sölu augýsinga, vöruinnskotunum og kostunum.

Nefndarálit menntamálanefndar má nálgast [hér](#). Álit Samkeppniseftirlitsins má nálgast [hér](#). Umsög Viðskiptaráðs um frumvarpið má nálgast [hér](#).

Komum upp úr skotgröfunum

Í Viðskiptablaðinu síðastliðinn fimmtudag birtist grein eftir Frosta Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, undir heitinu "Komum upp úr skotgröfunum". Í greininni er fjallað um efnahagsvandann og mikilvægi þess að horft sé fram á við.

Greinina í heild má lesa [hér](#).

Jólakveðja frá Viðskiptaráði

Viðskiptaráð Íslands óskar aðildarfélögum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Í stað þess að senda út prentuð jólakort mun Viðskiptaráð afhenda Mæðrastyrksnefnd peningagjöf sem samsvarar kostnaði við prentun korta.

Rafræna útgáfu af jólakorti Viðskiptaráðs má nálgast [hér](#).